

REGLUGERÐ

um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

Þeir, sem vilja bjóða íslenzkar afurðir til sölu á erlendum markaði, selja þær til útlanda eða flytja úr landi, skulu afla sér leyfis ríkisstjórnarinnar til þess. Slíkt hið sama gildir um allar aðrar vörur en íslenzkar afurðir. Ekki þarf þó leyfi fyrir gjafasendingum og vörusýnishornum að verðmæti allt að 1000 krónum.

2. gr.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

3. gr.

Samráð skal haft við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypisgjaldreyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypislönd gera ráð fyrir.

4. gr.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

5. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessarar reglugerðar, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessarar reglugerðar, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru, eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og sviptá má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á reglugerð þessari fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 109 6. september 1948, um sölu og útflutning á vörum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 27. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldreyrismála o. fl., og öðlast gildi 1. júní 1960.

Forsætisráðuneytið, 31. maí 1960.

Ólafur Thors.

Knútur Hallsson.